

Alþingi
Erindi nr. P 139/2011
komudagur 4.5.2011

495. mál
Samgöngu.

From: Óskar Erlingsson [mailto:oskar60@gmail.com]
Sent: 4. maí 2011 09:34
To: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Cc: Stjórn 4x4; Ágúst birgisson ehf Teiknistofa
Subject: Re: Fundur

Sæl Sigrún Helga,

ég verð því miður að boða forföll á fyrirhugaðan fund varðandi ný umferðalög. Ein athugasemd eða árétting er frá Ferðaklúbbnum 4x4 (F4x4), en hún varðandi breytingu á skilgreiningu vegar. Hér fyrir neðan er nýja greinin (nr.42) í umferðalögum sýnd ásamt skýringum.

Í frumvarpinu er skilgreiningu á hugtakinu „vegur“ breytt frá núgildandi lögum, en í stað „götuslóða“ í skilgreiningunni er lagt til að komi „merkt vegslóð“. Að mati F4x4 getur hugtakið merkt vegslóð getur ekki öðlast fullt gildi fyrr en skráningu „merktra vegslóða“ er iokið.

42. Vegur: Akbraut, stígur, brú, merkt vegslóð, torg, húsasund, bifreiðastæði eða þess háttar sem notað er til almennrar umferðar.

Í greinargerð með frumvarpinu er þetta skýrt þannig:

„Þá eru gerðar breytingar á skilgreiningu á hugtakinu vegur, þannig að í stað orðsins „götuslóði“ er lagt til að komi „merkt vegslóð“, en með því verði skorið úr um að vegur sé ætíð skilgreint svæði. Þannig telst því akstur á ómerktri vegslóð akstur utan vega. Er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að það nái til aksturs á vegum, sbr. 2. gr. Ekki er í frumvarpinu fjallað um kröfur til merkinga á vegslóð, en gera má ráð fyrir að í framtíðinni geti opinber skráning á vegslóð í GPS-staðsetningarkerfi komið að einhverju leyti í stað hefðbundinna umferðarmerkja“.

Í viðhengi er erindi F4x4 sem skilið var eftir á fundi hjá Samgönguráðuneytinu, 28. sept. 2010.

Sigrún Helga, ég vona að möguleiki sé að prenta út tölvupóst þennan ásamt viðhengi og koma til fundarstjóra á umferðalaga-fundinum í dag kl. 11:00, sem innlegg F4x4.

Kveðja, Óskar Erlingsson

formaður Ferðafrelsisnefndar F4x4

Athugasemdir Ferðaklúbbsins 4x4 við drög skilgreiningar á hugtakinu „vegur“ í nýju umferðarlagafrumvarpi

Til að byrja með ætti ekkert að breytast þegar „götuslóði“ verður „merkt vegslóð“ í Umferðalögum. Frumvarpið þarf að fjalla um kröfur til merkinga á vegslóð og hvað þarf til að uppfylla þær kröfur, þ.e. hvenær telst vegslóð merkt.

Hugtakið „merkt vegslóð“ öðlast ekki endanlegt gildi fyrr en samþykkt aðalskipulag sveitafélaga liggur fyrir. Slikir vegslóðar hljóta vera merktir (GPS mældir og því hnitsettir) inn á aðalskipulag. Nánari skilgreiningu á hugtakinu „merkt“ sem skeytt er framan við hugtakið „vegslóð“ vantar. Munurinn á vegslóð og merkt vegslóð þarf að vera skýr. Við gildistöku nýrra umferðarlaga verða allir „götuslóðar“ í núgildandi umferðarlögum að „merktum vegslóðum“.

Mikið verk hefur verið unnið í mælingu götuslóða innan hálendislínu af LMÍ, en úrvinsla og afstaða til þeirra gagna hefur ekki verið lokið, en vinnast að einhverju leyti samhliða gerð aðalskipulaga sveitafélaga. Gagnasafn þetta sem vistað er í landupplýsingakerfi LMÍ er sá grunnur yfir vegslóðir sem mundu skilgreinast sem „merktar vegslóðir“ og yfirvöld geta stuðst við þar til aðalskipulag tekur gildi.

Mikið verk er óunnið í mælingu slóða sem eru utan skilgreindrar hálendislínu, en þar lenda stór landsvæði utanvið. Ferðaklúbburinn 4x4 býður fram aðstoð sína í frekari mæliverkefnum sem úrvinnslu og umsögn þeirra slóða sem þegar hafa verið mældir.

Eitt hugtak sem skilgreinir hvað „vegur“ er vantar enn í lögin og formatið sem aðalskipulag sveitarfélaga er unnið eftir, en það eru vegslóðar sem eru að engu leyti mannvirki. Leiðir sem myndast í við akstur, þar sem ökutækið þarf að aðlagast undirlaginu eins og það kemur fyrir, en ekki öfugt eins og viðleitnin er venjulega í vegagerð, þar sem farið er í mannvirkjagerð til að byggja undir ökutækið. Leiðir þar sem ökumaður ekur alfarið á eigin ábyrgð og getur ekki gert kröfur á neinn veghaldara. Landsvegir er hugtak í vegalögum sem er eitthvað í átt að þessu, en allan vafa þarf að taka varðandi ábyrgð veghaldara. Vegir sem mundu falla undir þessa skilgreiningu ættu að fá samskonar umfjöllun í aðalskipulagi og hestavegir og gönguleiðir. Reyndar hefur Sesselja Bjarnadóttir lögfæðingur hjá Umhverfissráðuneytinu komið inn á þetta atriði og ritað eftirfarandi:

„Það að umhverfissráðherra ákveði í framhaldi, með setningu reglugerðar, hvaða slóðir skulu opnar innan tiltekins sveitarfélags er ráðherra þar með ekki að ákveða að viðkomandi sveitarfélög eigi að bera kostnað af viðhaldi/opnun slóðans. Þvert á móti, að ósk sveitarfélaganna mun það væntanlega koma fram í reglugerðinni að þau beri ekki ábyrgð á veghaldinu.“

Ökumenn munu keyra um þessa vegi á eigin ábyrgð.“

Undanþága þarf að vera í lögunum varðandi akstur á flæðum við ár, þar sem vöð eru breytileg og færast til. Akstur á flæðum veldur ekki tjóni á náttúrunni því á flæðum breytist landslag ört jafnvel daglega.

Reykjavík, 28. september 2010,

f.h. Ferðaklúbbsins 4x4